

Nd.

467. Frumvarp til laga

um heimild fyrir hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps til álagningar vörugjalds.

Flm.: Sigfús Jónsson og Jón Sigurðsson.

1. gr.

Að fengnu samþykki meiri hluta atkvæðisbærra manna í Sauðárkrókshreppi á almennum, lögsmætum hreppsfundi, og meiri hluta sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, er hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps heimilt að leggja sérstakt gjald á allar aðfluttar vörur til Sauðárkróks, sem vörutollur er greiddur af til rikissjóðs.

2. gr.

Gjald þetta má nema allt að 50% af vörutollinum eins og hann er eða verður á hverjum tíma, og skal sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu skylt að innheimta gjaldið ásamt vörutollinum og standa hreppsnefndinni skil á því í lok hvers ársfjórðungs.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram komið eftir ósk hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps um auknar tekjur til þess að standa straum af sívaxandi útgjöldum hreppsins. Útsvörin eru orðin svo há, að ekki virðist á bætandi, enda er svo komið, að allverulegur hluti þeirra innheimtist ekki, vegna þess, að margir gjaldendur geta alls ekki greitt þau.

Telja má og vist, að eftir hið geigvæna atvinnuleysi meðal verkafólks á Sauðárkróki á næstliðnu sumri muni þurfamönnum fjölga mjög mikið, og er þegar komið í ljós, að svo verði. Ennfremur má ganga að því vísu, að með samþykkt framfærslulaga þeirra, sem nú liggja fyrir Alþingi, muni þurfamannaframfærslan aukast allmikið.

Frumvarp þetta miðar í þá átt, að gera tilraun til að bæta að nokkru úr aðkallandi þörf sveitarfélagsins til aukinna tekna. Leiðin til tekjuatuka, sem okkur flutningsmönnum frumvarpsins virtist einna líklegust til bráðabirgða, þangað til löggjöf yrði sett um þetta nauðsynjamál sveitarfélaganna almennt, var sú, að heimila hreppsnefndinni að leggja á vörugjald hliðstætt vörutolli, og að gjaldið yrði innheimt ásamt honum af sýslumanni.

En þar sem segja má, að hér sé um neytluskatt að ræða, er nái ekki aðeins til Sauðárkróksbúa einna, heldur og allra þeirra, sem vörur kaupa á Sauðárkróki, þá er sá varnagli sleginn, að þeim, sem gjaldið eiga að greiða, er gefinn kostur á að ákveða sjálfir, hvort þeir vilja taka það á sig eða ekki. Þetta felst í ákvæðinu í upphafi 1. gr., þar sem gjaldálagningin er því aðeins heimilud, að fyrir liggi samþykki eigi aðeins meiri hluta atkvæðisbærra hreppshúa, heldur og samþykki meiri hluta sýslunefndar. Hér er því ekki um valdboð að ræða frá löggjafans hálfu, heldur frjálst val hlutaðeigandi gjaldþegna.